

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/360****2023/EES/83/05****frá 13. desember 2018****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/2365 að því er varðar gjöld sem  
Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir af viðskiptaskrá (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 11. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ákvæði 62. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(2)</sup> kveða á um að tekjur Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) samanstandi af gjöldum sem greidd eru til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í þeim tilvikum sem tilgreind eru í löggjöf Sambandsins, ásamt framlögum frá innlendum opinberum yfirvöldum og styrk frá Sambandinu.
- 2) Innheimta ætti skráningargjald af viðskiptaskrá með staðfestu í Sambandinu til að mæta kostnaði Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar vegna úrvinnslu umsóknar um skráningu.
- 3) Kostnaður Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar vegna úrvinnslu umsóknar um skráningu mun verða hærri ef viðskiptaskráin veitir viðbótarþjónustu. Veiting slíkrar viðbótarþjónustu er vísbending um mikla áætlaða veltu og um aukinn kostnað tengdan mati á umsókninni um skráningu. Í þeim tilgangi að innheimta skráningargjöld ætti því að flokka viðskiptaskrár í tvo flokka eftir áætlaðri heildarveltu, meiri og minni áætlaðri heildarveltu, sem mishá skráningargjöld ættu að gilda um, eftir því hvort þær hafi í hyggju að veita viðbótarþjónustu.
- 4) Ef viðskiptaskrá, sem þegar er skráð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 <sup>(3)</sup>, sækir um framlengingu skráningar ættu útgjöldin, sem nauðsynleg eru til að meta og rannsaka umsóknina af nákvæmni, að vera lægri en vegna nýrrar skráningar þar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin býr nú þegar yfir viðeigandi upplýsingum varðandi viðskiptaskrána sem sækir um. Viðskiptaskráin sem sækir um ætti þess vegna að greiða lægra gjald. Ef viðskiptaskrá, sem ekki er þegar skráð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012, leggur samtímis fram umsóknir um skráningu samkvæmt bæði reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og reglugerð (ESB) 2015/2365, ættu útgjöldin, sem nauðsynleg eru til að meta og rannsaka umsóknina af nákvæmni, einnig að vera lægri vegna samlegðaráhrifa við að rýna samhlíða sömu tegund skjala. Ef um er að ræða umsóknir á sama tíma ætti viðskiptaskráin að greiða fullt skráningargjald samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012, og lækkað gjald fyrir framlengingu skráningar samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365.
- 5) Ef viðskiptaskrá tekur, eftir skráningu, að bjóða viðbótarþjónustu og fellur þar með í hærri flokk út frá áætlaðri heildarveltu, ætti hún að greiða mismuninn á upphaflega skráningargjaldinu og skráningargjaldinu sem samsvarar flokknum með hærri áætlaða veltu. Aftur á móti ef viðskiptaskrá hættir að bjóða viðbótarþjónustu eftir skráningu, ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ekki að endurgreiða henni þar sem útgjöldunum, sem nauðsynleg eru til að meta umsókn viðskiptaskrár með mikla veltu, hefur í reynd verið ráðstafað við skráninguna.
- 6) Til að koma í veg fyrir ástæðulausar umsóknir ætti hvorki að endurgreiða skráningargjald ef umsækjandi dregur umsókn sína til baka á meðan skráningarferlið stendur yfir, né þegar skráningu er hafnað.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 58. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 386/2021 frá 10. Desember 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

- 7) Til að tryggja skilvirka notkun þeirra fjármuna sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur úr að spila og á sama tíma létta fjárhagslega byrði aðildarríkja og Sambandsins, er nauðsynlegt að tryggja að viðskiptaskrár greiði a.m.k. allan kostnað í tengslum við eftirlit með þeim. Eftirlitsgjöld ætti að ákvarða þannig að komið sé í veg fyrir verulegan uppsafnaðan halla eða afgang af starfsemi sem tengist viðskiptaskrá. Í tilviki halla ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ekki að endurheimta hallann frá viðskiptaskránni. Ef hallinn er umtalsverður ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að greina ástæðurnar og breyta væntum eftirlitskostnaði sínum fyrir næsta rekstrarætlunartímabil. Að því er varðar afgang ætti ekki að endurgreiða viðskiptaskránni umframgjöld.
- 8) Til að tryggja sanngjarna og skýra álagningu gjalda sem, á sama tíma, endurspeglar raunverulega vinnu stjórnýslunnar við hvern aðila sem sætir eftirliti, ætti að reikna út eftirlitsgjaldið á grundvelli veltu sem stafar af grunnstarfsemi viðskiptaskrár og viðbótarþjónustu hennar. Að því er varðar útreikning á viðeigandi veltu er nauðsynlegt að aðgreina viðbótarþjónustu sem tengist beint grunnstarfseminni við miðlæga söfnun og viðhald skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf (SFT) samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365, s.s. umboðslánveitingu og umsjón veðtrygginga, eða þjónustu sem tengist miðlægrri söfnun og viðhaldi skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf og afleiður, s.s. viðskiptapörun, viðskiptastaðfestingu, veðmati veðtrygginga og gagnaskilum þriðja aðila. Eftirlitsgjöld sem innheimt eru af viðskiptaskrá ættu að vera í réttu hlutfalli við starfsemi þeirrar einstöku viðskiptaskráar í samanburði við heildarstarfsemi allra skráðra viðskiptaskráa sem lúta eftirliti, innan tiltekins árs. Í ljósi þess að viss fastur stjórnýslukostnaður fylgir eftirliti með viðskiptaskrá ætti þó að koma á árlegu lágmarkseftirlitsgjaldi. Greiðsla eftirlitsgjalda samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 hefur ekki áhrif á þessa fjárhæð.
- 9) Setja ætti reglur um gjöld sem innheimta á af viðskiptaskrá í þriðju löndum sem sækja um viðurkenningu í Sambandinu samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365, til að mæta stjórnýslukostnaði vegna viðurkenningarinnar og árlegs eftirlits. Í þessu tilliti ætti viðurkenningargjaldið að innihalda tvo þætti, nauðsynleg útgjöld tengd úrvinnslu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á umsókninni um viðurkenningu viðskiptaskráa í þriðju löndum skv. 4. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar, og nauðsynleg útgjöld sem varða gerð samstarfssamninga við lögbæru yfirvöldin í því þriðja landi þar sem viðskiptaskrá sem sækir um er skráð skv. 20. mgr. 75. gr. þeirrar reglugerðar. Kostnaðinum sem tengist gerð samstarfssamninga ætti að deila á milli viðurkenndra viðskiptaskráa frá sama þriðja landi. Enn fremur ætti að innheimta árlegt eftirlitsgjald af viðskiptaskrá í þriðju löndum.
- 10) Ef viðskiptaskrá þriðja lands sem þegar er viðurkennd samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 sækir um framlengingu skráningar sinnar sem viðurkennd ætti kostnaðurinn við úrvinnslu umsóknarinnar að vera lægri en kostnaðurinn við úrvinnslu nýrrar umsóknar vegna samlegðaráhrifa milli málsmeðferðarreglna samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og reglugerðar (ESB) 2015/2365. Þess vegna ætti að lækka þann þátt viðurkenningargjaldsins sem tengist úrvinnslu umsóknarinnar. Á hinn bóginn felur kostnaðurinn við að gera samstarfssamning í sér kostnað sem sérstaklega tengist reglufylgni við reglugerð (ESB) 2015/2365. Þess vegna ætti sá þáttur viðurkenningargjaldsins sem tengist samstarfssamningum að vera óháður núverandi samstarfssamningum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012.
- 11) Eftirlitshlutverkið sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur með höndum að því er varðar viðurkenndar viðskiptaskrár í þriðju löndum tengist aðallega framkvæmd samstarfssamninga, þ.m.t. skilvirkum gagnaskiptum á milli viðkomandi yfirvalda. Kostnaðurinn við að sinna þessu hlutverki ætti að falla undir árleg eftirlitsgjöld sem innheimt eru af viðurkenndum viðskiptaskrá. Þar eð þessi kostnaður verður mun lægri en sá sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ber af því að annast beint eftirlit með skráðum viðskiptaskrá í Sambandinu ættu eftirlitsgjöld fyrir viðurkenndar viðskiptaskrár að vera umtalsvert lægri en lágmarkseftirlitsgjaldið sem lagt er á skráðar viðskiptaskrár sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur beint eftirlit með.
- 12) Lögbær landsyfirvöld stofna til kostnaðar þegar þau inna af hendi vinnu samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365 og sem afleiðing af sérhverjum framseldum verkefnum Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til lögbærra landsyfirvalda skv. 74. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2010 og skv. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365. Gjöldin sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir af viðskiptaskrá ættu einnig að standa straum af þeim kostnaði. Til að lögbær yfirvöld beri ekki tap eða hafi hagnað af að annast verkefni sem þeim eru falin eða af að aðstoða Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að endurgreiða raunverulegan kostnað sem það lögbæra landsyfirvald stofnar til.
- 13) Þar sem einungis takmörkuð gögn varðandi starfsemi viðskiptaskrár verða tiltæk á því ári sem hún er skráð ætti að reikna út bráðabirgðaeftirlitsgjald á grunni áætlaðra útgjalda sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með þeirri viðskiptaskrá á fyrsta ári hennar. Við nákvæman útreikning á gjaldinu ætti að taka tillit til dagsetningarinnar sem viðskiptaskráin er skráð og dagsetningarinnar þegar gagnaskilaskyldan sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 hefst, til að gefa nákvæma mynd af umfangi eftirlits sem krafist er af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni. Ef lögbodin gagnaskil viðskiptaskráar hefjast á árinu eftir skráningu hennar ætti bráðabirgðaeftirlitsgjaldið fyrir skráningarárið að byggjast á skráningargjaldinu. Þetta er vegna þess að útgjöldin sem nauðsynleg eru vegna eftirlitsins með viðskiptaskrá,

sem enn hefur ekki skilað inn gögnum, eru sambærileg við útgjöldin sem nauðsynleg eru til að leggja mat á umsóknina um skráningu. Með hliðsjón af tímanum á milli skráningar og ársloka er fjárhæðin aðlöguð hlutfallslega m.t.t. þess að staðlað skráningarferli taki 150 vinnudaga. Ef lögboðin gagnaskil viðskiptaskráar hefjast á fyrstu sex mánuðum skráningarárs hennar ætti bráðabirgðaeftirlitsgjaldið að vera reiknað út á grunni viðeigandi veltu sem endurspeglar tekjur viðskiptaskrárinnar fyrsta hálfu árið. Ef lögboðin gagnaskil viðskiptaskráar hefjast á síðustu sex mánuðum skráningarársins ætti bráðabirgðaeftirlitsgjaldið að vera reiknað út á grunni skráningargjalds viðskiptaskrárinnar. Þetta er vegna þess að aðeins eru takmörkuð gögn tiltæk til að hægt sé að nota viðeigandi veltu.

- 14) Viðskiptaskrár sem skráðar eru á árinu 2019 munu ekki byrja að veita skýrsluþjónustu fyrir lok árs 2019 og umsvif þeirra árið 2019 líkleg til að vera næstum engin. Því ætti árlegt eftirlitsgjald þeirra fyrir árið 2020 að vera reiknað út á grundvelli viðeigandi veltu þeirra á fyrri hluta ársins 2020.
- 15) Þessi reglugerð ætti að mynda grunn að rétti Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að innheimta gjöld af viðskiptaskrárm.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## I. KAFLI

### ALMENN ÁKVÆÐI

#### 1. gr.

#### **Endurheimt eftirlitskostnaðar að fullu**

Gjöldin sem innheimt eru af viðskiptaskrárm skulu standa straum af:

- a) öllum kostnaði sem tengist skráningunni og eftirliti Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar með viðskiptaskrárm í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/2365, þ.m.t. þeim kostnaði sem leiðir af viðurkenningu viðskiptaskráa sem og kostnaði sem leiðir af framlengingu skráningar eða framlengingu viðurkenningar fyrir viðskiptaskrár sem þegar hafa verið skráðar eða viðurkenndar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012,
- b) öllum kostnaði vegna endurgreiðslunnar til lögbærra yfirvalda sem annast hafa vinnu samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365, og sem afleiðing af sérhverju framsali verkefna skv. 74. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og skv. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2015/2365.

#### 2. gr.

#### **Viðeigandi velta**

1. Viðskiptaskrár sem skráðar eru samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365 eingöngu skulu, að því er varðar þessa reglugerð, halda endurskoðaða reikninga, þar sem greinarmunur er a.m.k. gerður á eftirfarandi:

- a) tekjum sem aflað var af grunnstarfsemi við miðlæga söfnun og viðhald skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365,
- b) tekjum sem aflað var af viðbótarþjónustu sem tengist beint miðlægrri söfnun og viðhaldi skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf skv. reglugerð (ESB) 2015/2365.

Viðeigandi tekjur af viðbótarþjónustu viðskiptaskrárinnar á tilteknu ári (n) skulu vera tekjurnar af þjónustunni, sem ákvörðuð er skv. b-lið.

2. Viðskiptaskrár sem skráðar eru bæði samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365 og reglugerð (ESB) nr. 648/2012 skulu að því er þessa reglugerð varðar halda endurskoðaða reikninga, þar sem greinarmunur er a.m.k. gerður á eftirfarandi:

- a) tekjum af grunnstarfsemi við miðlæga söfnun og viðhald skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365,
- b) tekjum af grunnstarfsemi við miðlæga söfnun og viðhald skráa yfir afleiður samkvæmt reglugerð (ESB) 648/2012,

- c) tekjum af viðbótarþjónustu sem tengist beint miðlægri söfnun og viðhaldi skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365,
- d) tekjum af viðbótarþjónustu sem tengist bæði miðlægri söfnun og viðhaldi skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365 og miðlægri söfnun og viðhaldi skráa yfir afleiður samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

Viðeigandi tekjur af viðbótarþjónustu viðskiptaskrárinnar á tilteknu ári (n) skulu vera samtala

- teknanna sem um getur í c-lið og
- hluti teknanna sem um getur í d-lið.

Tekjuhlutinn sem um getur í d-lið skal vera jafn tekjunum sem um getur a-lið, deilt með samtölu

- teknanna sem um getur í a-lið og
- teknanna sem um getur í b-lið.

3. Viðeigandi velta viðskiptaskrár á tilteknu ári (n) skal vera samtala

- tekna hennar af grunnstarfsemi við miðlæga söfnun og viðhald skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365 á grunni endurskoðaðra reikninga fyrir undangengið ár (n – 1) og
- viðeigandi tekna hennar af viðbótarþjónustu, sem ákvarðaðar eru skv. 1. og 2. mgr., eftir því sem við á, á grunni endurskoðaðra reikninga fyrir undangengið ár (n – 1)

deilt með samtölu

- heildartekna allra skráðra viðskiptaskráa af grunnstarfsemi við miðlæga söfnun og viðhald skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365, á grunni endurskoðaðra reikninga fyrir undangengið ár (n – 1) og
- viðeigandi heildartekna af viðbótarþjónustu allra skráðra viðskiptaskráa, sem ákvarðaðar eru skv. 1. og 2. mgr., eftir því sem við á, á grunni endurskoðaðra reikninga fyrir undangengið ár (n – 1).

Viðeigandi velta tiltekinnar viðskiptaskráar („TRi“ í reiknireglunni hér að neðan) skal reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$\frac{SFT \text{ tekjur } TRi}{\sum SFT \text{ tekjur allra } TR}$$

þar sem SFT tekjur = tekjur af grunnstarfsemi + viðeigandi tekjur af viðbótarþjónustu.

4. Ef viðskiptaskráin starfaði ekki allt undangengið ár (n – 1) skal áætla viðeigandi veltu hennar samkvæmt reiknireglunni sem sett er fram í 3. mgr. með því að framreikna, fyrir viðskiptaskrána, virðið sem reiknað er út fyrir þann fjölda mánaða sem viðskiptaskráin starfaði árið (n – 1), í hlutfalli við allt árið (n – 1).

3. gr.

### Ákvörðun gjalda

Ákveða skal gjöld sem innheimt eru fyrir starfsemi Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar sem tengist viðskiptaskráum þannig að komið sé í veg fyrir verulegan uppsafnaðan halla eða afgang.

Sé um að ræða endurtekinn verulegan halla eða afgang skal framkvæmdastjórn Evrópusambandsins endurskoða fjárhæðir gjaldanna.

II. KAFLI

### GJÖLD

4. gr.

### Tegundir gjalda

1. Eftirfarandi tegundir gjalda skulu innheimt af viðskiptaskráum með staðfestu í Sambandinu sem sækja um skráningu skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365:

- a) skráningargjöld og gjöld fyrir framlengingu skráningar skv. 5. gr.,
- b) árleg eftirlitgjöld skv. 6. gr.

2. Eftirfarandi tegundir gjalda skulu innheimt af viðskiptaskrár með staðfestu í þriðju löndum sem sækja um viðurkenningu skv. 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365:

- a) viðurkenningargjöld og gjöld fyrir framlengingu skráningar skv. 1. og 2. mgr. 7. gr.,
- b) árleg eftirlitsgjöld fyrir viðurkenndar viðskiptaskrár skv. 3. mgr. 7. gr.

*5. gr.*

**Skráningargjald og gjald fyrir framlengingu skráningar**

1. Skráningargjaldið, sem hver og ein viðskiptaskrá sem sækir um á að greiða, skal endurspeglja útgjöldin sem nauðsynleg eru til að meta og rannsaka af nákvæmni umsóknina um skráningu eða framlengingu skráningar, að teknu tilliti til þjónustunnar sem viðskiptaskráin mun veita, þ.m.t. sérhverrar viðbótarþjónustu.

2. Viðskiptaskrá skal teljast bjóða viðbótarþjónustu við allar eftirfarandi aðstæður:

- a) þegar hún sjálf veitir viðbótarþjónustu,
- b) þegar aðili sem tilheyrir sömu samstæðu og viðskiptaskráin veitir viðbótarþjónustu,
- c) þegar aðili sem viðskiptaskráin hefur gert samstarfssamning við um veitingu þjónustu, sem lið í viðskipta- eða eftirviðskiptakeðjunni eða á því viðskiptasviði, veitir viðbótarþjónustuna.

3. Ef viðskiptaskrá veitir ekki viðbótarþjónustu eins og um getur í 2. mgr. telst viðkomandi viðskiptaskrá hafa lága áætlaða heildarveltu og skal greiða skráningargjald sem nemur 65 000 evrum.

4. Ef viðskiptaskrá veitir viðbótarþjónustu eins og um getur í 2. mgr. telst viðskiptaskráin vera með mikla áætlaða heildarveltu og skal greiða skráningargjald sem nemur 100 000 evrum.

5. Ef viðskiptaskrá sækir um skráningu og hefur þegar verið skráð skv. 1. kafla, VI. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, skal viðskiptaskráin greiða gjald fyrir framlengingu skráningar sem nemur:

- a) 50 000 evrum fyrir viðskiptaskrár sem veita viðbótarþjónustu eins og um getur í 2. mgr.,
- b) 32 500 evrum fyrir viðskiptaskrár með lága áætlaða veltu sem veita ekki viðbótarþjónustu eins og um getur í 2. mgr.

6. Þegar viðskiptaskrá sem ekki er þegar skráð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012, leggur samhliða fram umsóknir um skráningu samkvæmt bæði reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og reglugerð (ESB) 2015/2365, skal viðskiptaskráin greiða fullt skráningargjald samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012, og gjaldið fyrir framlengingu skráningar skv. 5. mgr.

7. Verði verulegar breytingar á skilyrðunum fyrir skráningu eins og um getur í 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, sem leiðir til þess að viðskiptaskránni ber að greiða hærra skráningargjald skv. 3., 4. og 5. mgr. en það sem greitt var í upphafi, skal innheimta af viðskiptaskránni mismuninn á upphaflega skráningargjaldinu og því hærra viðeigandi skráningargjaldi sem leiðir af þeirri verulegu breytingu.

*6. gr.*

**Árleg eftirlitsgjöld fyrir skráðar viðskiptaskrár og viðskiptaskrár sem hafa framlengt skráningu sína**

1. Árleg eftirlitsgjald skal innheimt af skráðri viðskiptaskrá.
2. Árlegt heildareftirlitsgjald og árlegt eftirlitsgjald fyrir tiltekna viðskiptaskrá á tilteknu ári (n) skal reiknað út á eftirfarandi hátt:
  - a) árlegt heildareftirlitsgjald fyrir tiltekið ár (n) skal vera áætluðu útgjöldin sem varða eftirlit með starfsemi viðskiptaskráa skv. reglugerð (ESB) 2015/2365, eins og kemur fram í rekstrarfjárhagsáætlun Evrópsku verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunarinnar fyrir það ár,
  - b) árlegt eftirlitsgjald viðskiptaskráa fyrir tiltekið ár (n) skal vera árlega heildareftirlitsgjaldið sem ákvarðað er skv. a-lið, skipt á milli allra viðskiptaskráa sem skráðar eru árið n – 1, í hlutfalli við viðeigandi veltu þeirra sem reiknuð er út skv. 3. mgr. 2. gr.

3. Í engum tilvikum skal viðskiptaskrá sem sækir um skráningu eða framlengingu skráningar skv. 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 greiða árlegt eftirlitsgjald sem er lægra en sem nemur 30 000 evrum.

*7. gr.*

#### **Gjald fyrir viðskiptaskrár í þriðju löndum**

1. Viðskiptaskrá sem sækir um viðurkenningu skv. a-lið 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 skal greiða viðurkenningargjald sem reiknað er út sem samtalan af eftirfarandi:

- a) 20 000 evrum,
- b) fjárhæðinni sem fæst með því að deila 35 000 evrum með heildarfjölda viðskiptaskráa frá sama þriðja landi sem eru annaðhvort viðurkenndar af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni eða hafa sótt um viðurkenningu en hafa ekki enn hlotið viðurkenningu.

2. Viðskiptaskrá sem sækir um framlengingu skráningar skv. b-lið 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 skal greiða viðurkenningargjald sem reiknað er út sem samtalan á 10 000 evrum og fjárhæðinni sem reiknuð er út í samræmi við b-lið 1. mgr.

3. Viðskiptaskrá sem er viðurkennd skv. 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2015/2365 skal greiða árlegt eftirlitsgjald sem nemur 5 000 evrum.

### III. KAFLI

#### **GREIÐSLU- OG ENDURGREIÐSLUSKILYRÐI**

*8. gr.*

#### **Almennt greiðslufyrirkomulag**

1. Öll gjöld skulu greidd í evrum. Þau skulu greidd eins og tilgreint er í 9., 10. og 11. gr.
2. Greiðsluréttur skal leiða til álagningar dagsekta sem nema 0,1% af gjaldföllu fjárhæðinni.

*9. gr.*

#### **Greiðsla skráningargjalda**

1. Skráningargjaldið sem um getur í 5. gr. skal greitt að fullu þegar viðskiptaskráin leggur fram umsókn sína um skráningu skv. 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365.
2. Skráningargjöld skulu ekki endurgreidd ef viðskiptaskrá dregur umsókn sína um skráningu til baka áður en Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tekur rökstudda ákvörðun um að skrá eða synja um skráningu, eða ef skráningu er synjað.

*10. gr.*

#### **Greiðsla árlegra eftirlitsgjalda**

1. Árlega eftirlitsgjaldið sem um getur í 6. gr., fyrir tiltekið ár skal greitt með tveimur afborgunum.

Fyrsta afborgunin skal koma til greiðslu 28. febrúar það ár og skal nema fimm sjöttu af áætluðu árlegu eftirlitsgjaldi. Liggi viðeigandi velta sem reiknuð er út skv. 2. gr. ekki enn fyrir á þeim tíma skal útreikningurinn á veltunni byggjast á síðustu viðeigandi veltu sem fyrir liggur skv. 2. gr.

Síðari afborgunin skal koma til greiðslu 31. október. Fjárhæð síðari afborgunarinnar skal nema árlegu eftirlitsgjaldi sem reiknað er út skv. 6. gr. að frádreginni fjárhæð fyrri afborgunarinnar.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda reikningana vegna afborgana til viðskiptaskráanna a.m.k. 30 dögum fyrir viðkomandi gjalddaga.

*11. gr.***Greiðsla gjalda fyrir viðskiptaskrár í þriðju löndum**

1. Viðurkenningargjaldið sem um getur í 1. og 2. mgr. 7. gr. skal greitt að fullu þegar viðskiptaskráin leggur fram umsókn sína um viðurkenningu skv. 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365. Þau skulu ekki endurgreidd.
2. Í hvert skipti sem ný umsókn um viðurkenningu viðskiptaskrár í þriðja landi er lögð fram skv. 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin endurreikna fjárhæðina sem visað er til í b-lið 1. mgr. 7. gr. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal endurgreiða mismuninn á fjárhæðinni sem innheimt var skv. b-lið 1. mgr. 7. gr. og fjárhæðinni sem leiðir af endurútreikningnum, jafnt á milli viðskiptaskráanna sem þegar eru viðurkenndar frá sama þriðja landi. Sá mismunur skal endurgreiddur annaðhvort með beinni greiðslu eða með lækkun þeirra gjalda sem innheimt eru á næsta ári.
3. Árlegt eftirlitsgjald sem leggst á viðurkennda viðskiptaskrá skal koma til greiðslu fyrir lok febrúarmánaðar á hverju ári. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda viðurkenndri viðskiptaskrá reikning a.m.k. 30 dögum fyrir þann dag.

*12. gr.***Endurgreiðsla til lögbærra yfirvalda**

1. Einungis Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, samkvæmt þessari reglugerð, innheimta gjöld af viðskiptaskráum vegna skráningar þeirra, framlengingar skráningar, eftirlits og viðurkenningar.
2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal endurgreiða lögbæru yfirvaldi þann raunverulega kostnað sem stofnað var til við að annast verkefni samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365 og vegna framsals verkefna skv. 74. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og skv. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365.

## IV. KAFLI

**UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI***13. gr.***Útreikningur á bráðabirgðaeftirlitsgjöldum**

1. Ef skýrslugjafarskyldan sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, í samræmi við a-lið 2. mgr. 33. gr. þeirrar reglugerðar, hefst á árinu eftir skráningu viðskiptaskrár skv. 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, skal viðskiptaskráin greiða, á skráningarári sínu, bráðabirgðaeftirlitsgjald sem reiknað er út í samræmi við 1. hluta viðaukans.
2. Ef skýrslugjafarskyldan sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, í samræmi við a-lið 2. mgr. 33. gr. þeirrar reglugerðar, hefst á fyrstu sex mánuðum ársins sem viðskiptaskrá er skráð skv. 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 skal viðskiptaskráin greiða, á skráningarári sínu, bráðabirgðaeftirlitsgjald sem reiknað er út í samræmi við 2. hluta viðaukans.
3. Ef skýrslugjafarskyldan sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, í samræmi við a-lið 2. mgr. 33. gr. þeirrar reglugerðar, hefst á síðustu sex mánuðum ársins sem viðskiptaskrá er skráð skv. 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 skal viðskiptaskráin greiða, á skráningarári sínu, bráðabirgðaeftirlitsgjald sem reiknað er út í samræmi við 3. hluta viðaukans.

*14. gr.***Greiðsla skráningargjalda og gjalda fyrir viðskiptaskrár í þriðju löndum árið 2019**

1. Viðskiptaskrár sem sækja um skráningu skv. 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 árið 2019 skulu greiða skráningargjaldið sem um getur í 6. gr. að fullu, 30 dögum eftir gildistöku þessarar reglugerðar eða daginn sem umsóknin um skráningu er lögð fram, hvort heldur kemur síðar.
2. Viðskiptaskrár í þriðju löndum sem sækja um viðurkenningu skv. 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 árið 2019 skulu greiða viðurkenningargjaldið sem um getur 1. eða 2. mgr. 7. gr., eftir því sem við á, að fullu, 30 dögum eftir gildistöku þessarar reglugerðar eða daginn sem umsóknin er lögð fram, hvort heldur kemur síðar.

3. Viðskiptaskrár í þriðju löndum sem viðurkenndar eru árið 2019 skv. 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 skulu greiða árlegt eftirlitsgjald fyrir árið 2019 skv. 3. mgr. 7. gr. að fullu 60 dögum eftir gildistöku þessarar reglugerðar eða 30 dögum eftir að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skýrir viðskiptaskránni frá ákvörðuninni um viðurkenningu sem um getur í 7. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, hvort heldur kemur síðar.

15. gr.

#### **Árlegt eftirlitsgjald fyrir árið 2020 fyrir viðskiptaskrár sem skráðar eru eða hafa framlengt skráningu sína árið 2019**

1. Eftirlitsgjald viðskiptaskrár fyrir árið 2020 skal vera árlega eftirlitsgjaldið alls sem ákvarðað er skv. a-lið 2. mgr. 6. gr., skipt á milli allra viðskiptaskráa sem skráðar eru árið 2019, í hlutfalli við viðeigandi veltu sem reiknuð er út skv. 2. mgr.

2. Að því er varðar útreikning á árlegu eftirlitsgjaldi fyrir árið 2020 skv. 6. gr., fyrir viðskiptaskrá sem skráð var árið 2019 skv. 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, skal viðeigandi velta viðskiptaskrárinnar vera samtala

— teknanna af grunnstarfsemi við miðlæga söfnun og viðhald skrár yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2020 og

— viðeigandi tekna af viðbótarþjónustu viðskiptaskrárinnar í samræmi við 1. og 2. mgr. 2. gr. á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2020

deilt með samtölu

— heildartekna allra skráðra viðskiptaskráa af grunnstarfsemi við miðlæga söfnun og viðhald skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2020 og

— viðeigandi tekna allra skráðra viðskiptaskráa af viðbótarþjónustu í samræmi við 1. og 2. mgr. 2. gr. á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2020.

3. Árlegt eftirlitsgjald vegna ársins 2020 fyrir viðskiptaskrár sem skráðar eru árið 2019 skal greitt með tveimur afborgunum.

Fyrsta afborgunin skal koma til greiðslu 28. febrúar 2020 og samsvara skráningargjaldinu sem viðskiptaskráin greiddi árið 2019 skv. 5. gr.

Síðari afborgunin skal koma til greiðslu 31. október 2020. Fjárhæð síðari afborgunarinnar skal nema árlegu eftirlitsgjaldi sem reiknað er út skv. 1. mgr. að frádreginni fjárhæð fyrri afborgunarinnar.

Ef fjárhæðin sem viðskiptaskrá greiddi með fyrstu afborgun er hærrí en árlega eftirlitsgjaldið sem reiknað er út skv. 1. mgr., skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin endurgreiða viðskiptaskránni mismuninn á fjárhæðinni sem greidd var með fyrstu afborguninni og árlega eftirlitsgjaldinu sem reiknað er út skv. 1. mgr.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda reikningana vegna afborgana á árlega eftirlitsgjaldinu vegna ársins 2020 til viðskiptaskráa sem skráðar eru árið 2019 a.m.k. 30 dögum fyrir gjalddaga.

5. Þegar endurskoðaðir reikningar fyrir árið 2020 verða tiltækir skulu viðskiptaskrár sem skráðar eru árið 2019 tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um sérhverja breytingu á viðeigandi veltu sem reiknuð er út skv. 2. mgr., sem stafar af mismuninum á milli lokagagnanna fyrir tímabilið frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2020 og bráðabrigðagagnanna sem notuð voru fyrir útreikninginn skv. 2. mgr.

Mismunurinn á árlega eftirlitsgjaldinu vegna ársins 2020 sem raunverulega var greitt skv. 1. mgr. og árlega eftirlitsgjaldinu vegna ársins 2020 sem greiða ber í framhaldi af sérhverri breytingu á viðeigandi veltu, sem um getur í fyrstu undirgrein, verður innheimtur af viðskiptaskrám.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda reikninginn vegna sérhvernar viðbótargreiðslu sem um getur í undirgreininni að ofan a.m.k. 30 dögum fyrir viðkomandi gjalddaga.

16. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.



Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

## BRÁÐABIRGÐAGJÖLD FYRSTA ÁRS

## 1. HLUTI

*Bráðabirgðaeftirlitsgjald fyrir skráningarár viðskiptaskrár ef skýrslugjafarskyldan hefst árið á eftir*

1. Bráðabirgðaeftirlitsgjald viðskiptaskrárinnar skal vera það lægra af eftirfarandi:
  - a) skráningargjaldi viðskiptaskrárinnar sem greiða ber skv. 5. gr. þessarar reglugerðar,
  - b) skráningargjaldi viðskiptaskrárinnar sem greiða ber skv. 5. gr. þessarar reglugerðar, margfaldað með hlutfallinu milli fjölda virkra daga frá skráningardegi hennar til ársloka og 150 virkra daga.

Þetta skal reiknað út á eftirfarandi hátt:

*Bráðabirgðaeftirlitsgjald viðskiptaskrár = Min (Skráningargjald, Skráningargjald \* Reiknistuðull)*

$$\text{Reiknistuðull} = \frac{\text{Virkir dagar með eftirliti á ári 1}}{150}$$

2. Bráðabirgðaeftirlitsgjaldið skal greitt að fullu 60 dögum eftir gildistöku þessarar reglugerðar eða 30 dögum eftir tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, hvort heldur kemur síðar.

## 2. HLUTI

*Bráðabirgðaeftirlitsgjald fyrir skráningarár viðskiptaskrár ef skýrslugjafarskyldan hefst á fyrstu sex mánuðum sama árs*

1. Bráðabirgðaeftirlitsgjald viðskiptaskrárinnar skal vera árlega heildareftirlitsgjaldið sem ákvarðað er skv. a-lið 2. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar skipt á milli allra viðskiptaskráa sem skráðar eru það ár í hlutfalli við viðeigandi veltu sem reiknuð er út skv. 2. mgr.
2. Að því er varðar útreikning á bráðabirgðaeftirlitsgjaldinu skal viðeigandi velta viðskiptaskrár vera samtala
  - teknanna af grunnstarfsemi við miðlæga söfnun og viðhald skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní á árinu sem viðskiptaskráin var skráð og
  - viðeigandi tekna af viðbótarþjónustu viðskiptaskrárinnar í samræmi við 1. og 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, eftir því sem við á, á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní á árinu sem viðskiptaskráin var skráð

deilt með heildartekjum af grunnstarfsemi við miðlæga söfnun og viðhald skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf og viðeigandi tekjum af viðbótarþjónustu allra skráðra viðskiptaskráa í samræmi við 1. og 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, eftir því sem við á, á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní þess árs.

3. Bráðabirgðaeftirlitsgjaldið skal greitt með tveimur afborgunum.

Fyrri afborgunin skal koma til greiðslu 30 dögum eftir tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 og skal samsvara skráningargjaldi viðskiptaskrárinnar skv. 5. gr. þessarar reglugerðar.

Síðari afborgunin skal koma til greiðslu 31. október. Fjárhæð síðari afborgunarinnar skal vera bráðabirgðaeftirlitsgjaldið sem reiknað er út skv. 1. mgr. að frádreginni fjárhæð fyrri afborgunarinnar.

Ef fjárhæðin sem viðskiptaskrá greiddi með fyrstu afborgun er hærra en bráðabirgðaeftirlitsgjaldið sem reiknað er út skv. 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin endurgreiða viðskiptaskránni mismuninn á fjárhæðinni sem greidd er með fyrstu afborguninni og bráðabirgðaeftirlitsgjaldinu sem reiknað er út skv. 1. mgr.

4. Þegar endurskoðaðir reikningar fyrir skráningarárið verða aðgengilegir skulu viðskiptaskrár tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um sérhverja breytingu á viðeigandi veltu sem reiknuð er út skv. 1. mgr., sem stafar af mismuninum á milli lokagagnanna fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. júní og bráðabrigðagagnanna sem notuð voru fyrir útreikninginn skv. 1. mgr.

Mismunurinn á árlega eftirlitsgjaldinu vegna skráningarársins sem raunverulega var greitt skv. 3. mgr. og árlega eftirlitsgjaldinu vegna skráningarársins sem greiða ber í framhaldi af sérhverri breytingu á viðeigandi veltu, sem um getur í fyrstu undirgreininni, verður innheimtur af viðskiptaskrár.

5. Án þess að hafa áhrif á 1. og 4. mgr. skal bráðabirgðaeftirlitsgjaldið ekki vera lægra en 15 000 evrur.

### 3. HLUTI

*Bráðabirgðaeftirlitsgjald fyrir skráningarár viðskiptaskrár ef skýrslugjafarskyldan hefst á síðustu sex mánuðum sama árs*

1. Bráðabirgðaeftirlitsgjald viðskiptaskrárinnar skal vera heildareftirlitsgjaldið sem ákvarðað er skv. a-lið 2. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar, skipt á milli allra viðskiptaskráa, hlutfallslega út frá hlutfalli skráningargjalds viðskiptaskrárinnar sem greitt er til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og samtölu allra skráningargjalda sem viðskiptaskrár greiða til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar það ár.
2. Gjaldið sem ákvarðað er skv. 1. mgr. skal koma til greiðslu 30 dögum eftir tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365.